



Seyrustjórn

9. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 18. apríl 2023 kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Landgræðslugirðing.

Jón Bjarnason og Árni Eiríksson fara yfir stöðu á landgræðslugirðingunni. Núverandi girðing er áratuga gömul og í slæmu ástandi. Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun og stækkun á svæðinu með nýrri girðingu enda forsenda losunnar á svæðinu háð því að svæðið sé fjárhelt. Eiga þarf samtal við Landgræðsluna um kostnaðarskiptingu á girðingunni milli Seyrufélagsins og Landgræðslunnar. Jóni Bjarnasyni falið að halda samtalinu áfram við Landgræðsluna og leggja fram kostnaðarmat á framkvæmdinni

2. Samstarfssamningur við Landgræðsluna.

Núverandi samningur við Landgræðsluna er runninn út. Nauðsynlegt er að hefja samtal við Landgræðsluna um nýjan samning. Halldóru Hjörleifsdóttur og Aldísi Hafsteinsdóttur falið að vinna málið áfram.

3. Seyruhreinsun fyrirtæki og stofnanir

Rætt um þær áskoranir sem eru varðandi losanir frá stærri fyrirtækjum. Mikilvægt er að móta skýrar reglur um þá þjónustu sem skal veita fyrirtækjum og stofnunum. Halldóru Hjörleifsdóttur falið að vinna málið áfram í samráði við sveitarstjóra, útfæra hvernig þjónusta við fyrirtæki eigi að fara fram og leggja fram tillögur fyrir stjórn.

4. Umsögn um stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bættu nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu – til kynningar.

Lögð fram umsögn frá framkvæmdastjóra Seyruverkefnis Uppsveita og Flóa.

5. Umræða um framtíðina

a. Rekstrarform

Ræddir þeir möguleikar sem eru fyrir hendi varðandi rekstrarform. Samþykkt að skoða útfærslur á því hvernig mismunandi rekstrarform geti litið út, Ehf, Byggðasamlag eða



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR



FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

Seyrustjórn

leiðandi sveitarfélag. Einnig skoða kosti/galla þess að hafa allt verkefni undir sama hatti eða aðskilja seyrustaði frá söfnun seyru. Aldísi Hafsteinsdóttir falið að kalla eftir slíkri úttekt og kynna fyrir stjórn.

b. Fjárfestingar

Umræðu frestað þar til framtíðar rekstrarform liggur fyrir.

c. Vetrarlosun

Aukin þörf er að geta sótt seyru og tekið á móti seyru að vetri til. Það kallar á að skoða möguleika á því að geta geymt seyru yfir vetrarmánuðina sem ekki er hægt að losa á losunarstað. Aldísi Hafsteinsdóttur falið að taka sama tölulegar upplýsinga um umfang vetrarlosunar og hvað vantar uppá að geyma seyru að vetri til.

6. Starfsmannamál

Áslaug Alda hefur sagt starfi sínu lausu. Einnig vantar starfsmann á seyrubílinn og ekki hafa borist umsóknir við auglýsingum um starfið. Aldísi Hafsteinsdóttur falið að auglýsa aftur eftir starfsmanni á seyrubílinn og senda auglýsinguna á öll sveitarfélögin. Aldísi falið að framlengja starfssamning við Halldóru Hjörleifsdóttir út október 2023.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:50.